

Aðalfundur Foreldrafélags

Hulduheima – Kots

20. september 2017 kl. 17:00-18:00

6 foreldrar mættir ásamt Snjólaugu skólastjóra, Gurrý aðstoðarskólastjóra og stjórn foreldrafélagsins.

(Hanna formaður, Guðrún gjaldkeri og Berglind ritari, Rebekka komst ekki).

Samtals fulltrúar 9 barna.

- Yfirlit ársreiknings dreift til fundargesta og rætt í hvað árgjald fór í á síðasta skóla ári.
 - ✓ Farið yfir hlutverk og starfsemi stjórn foreldrafélagsins.
 - ✓ Allir almennt mjög ánægðir með síðasta ár.
 - ✓ Allir mjög áhugasamir fyrir því að halda áfram danskennslu sem hefur verið undan farin ár. Stefnt að því að kaupa danskennslu aftur í vetur.
 - ✓ Foreldrar hvattir til að koma með hugmyndir og tillögur til foreldrafélagsins ef þeim dettur eitthvað sniðugt í hug til að gera.
- Rætt um að hækka árgjald.
 - ✓ Ákveðið að hækka árgjald upp í 6.000 kr pr. barn og 9.000 kr fyrir tvö börn og þriðja barn frítt.
 - ✓ Ákveðið að hafa innheimtu árgjalds eins og hefur verið undanfarin ár, nema rukka tvisvar, fyrir og eftir áramót (skipta upphæð í tvennt). En jafnframt hefur fólk valið ef það vill klára að borga allt í einu. Miði mun verða settur í hólfi barna og upplýsingar á facebook síðu. 4 vikur í frest til að borga, eftir það í innheimtu hjá banka. Gjald við innheimtu leggst ofan á árgjald.
- Óskað eftir fleiri fulltrúum í stjórn foreldrafélagsins.
 - ✓ Sunna Sævarsdóttir hefur látið af störfum. (Á ekki lengur barn á Koti).
 - ✓ Ein bauð sig fram og fékk sæti í stjórn, Ása Margrét Birgisdóttir (mamma Kristins Rúnars og Ísars Óla).
- Snjólaug skólastjóri og Gurrý aðstoðarskólastjóri kynntu fyrir fundargestum þróunarverkefni sem skólinn er að fara af stað með eftir áramót.

Fundi slitið. Berglind (ritari).